

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1616/2000

2003/EES/49/08

frá 24. júlí 2000

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1437/2000 ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er tilskilið að aðeins sé heimilt að markaðssetja afurðir sem fluttar eru inn frá þriðja landi ef þær eru upprunnar í þriðja landi sem er tilgreint í skrá sem er samin í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) 2092/91. Slík skrá var sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 ⁽³⁾ eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 548/2000 ⁽⁴⁾.
- 2) Argentína og Sviss sendu framkvæmdastjórninni beiðni um að rýmka afurðaflokkana í skránni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, í því skyni að bæta þar við búfê og búfjárafurðum. Þau sendu þær upplýsingar sem krafist er skv. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 94/92.
- 3) Athugun á þessum upplýsingum og viðræður við þarlend yfirvöld sem fylgdu í kjölfarið leiddu til þeirrar niðurstöðu að í þessum löndum séu reglur um framleiðslu og eftirlit með búfê og búfjárafurðum

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2000.

jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Tiltækinna trygginga er þó beðið frá argentínskum yfirvöldum og því skal jafngildi reglnanna um búfê og búfjárafurðir takmarkað við sex mánaða tímabil.

- 4) Ísrael hefur farið fram á það við framkvæmdastjórnina að hún breyti skilyrðunum fyrir skráningu þess svo að heimila megi innflutning lífrænt ræktaðra hráefna. Ísrael hefur sent þær upplýsingar sem krafist er skv. 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 94/92. Athugun á upplýsingunum, sem lagðar voru fram, hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að kröfurnar jafngildi þeim kröfum sem gerðar eru í lögjöf bandalagsins.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 94/92 er hér með breytt að því er varðar Argentínu, Ísrael og Sviss eins og kemur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 24. ágúst 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 185, 25.7.2000, bls. 62, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2002 frá 12. júlí 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 54, 31.10.2002, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 161, 1.7.2000, bls. 62.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 11, 17.1.1992, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 67, 15.3.2000, bls. 12.

VIÐAUKI

ARGENTÍNA

1. Afurðaflokkar:
 - a) óunnar ræktunarafurðir og búfé og óunnar búfjárafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, að undanskildu:
 - búfé og búfjárafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til aðlögunar að lífrænum landbúnaði,
 - b) unnum ræktunarafurðum úr akuryrkju og búfjárafurðum til manneldis í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, að undanskildum:
 - búfjárafurðum sem bera eða er ætlað að bera merkingar sem vísa til aðlögunar að lífrænum landbúnaði,
2. Uppruni: afurðir í flokki 1 a) og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) sem hafa verið framleidd í Argentínu.
3. Eftirlitsaðilar: „Instituto Argentino para la Certificación y Promoción de Productos Agropecuarios Orgánicos SRL“ (Argencert) og „Organización Internacional Agropecuaria“ (OIA).
4. Aðilar sem gefa út vottorð: sjá 3. lið.
5. Gildistími viðbótar fyrir uppskeru og ræktunarafurðir: 30. júní 2003. Gildistími viðbótar fyrir búfé og búfjárafurðir: 28. febrúar 2001.

ÍSRAEL

Eftirfarandi komi í stað 2. liðar textans sem fjallar um Ísrael:

„Uppruni: afurðir í flokki 1 a) og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) sem hafa verið framleidd í Ísrael eða flutt inn til Ísrael:

- annaðhvort frá Evrópubandalaginu,
- eða frá þriðja landi innan ramma reglna sem eru viðurkenndar sem jafngildar í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.“

SVISS

1. Afurðaflokkar:
 - a) óunnar ræktunarafurðir og búfé og óunnar búfjárafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, að undanskildum:
 - afurðum, framleiddum á aðlögunartímanum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar,
 - afurðum úr býflugnarækt;
 - b) unnar landbúnaðarafurðir úr akuryrkju og búfjárafurðir til manneldis í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, að undanskildum:
 - afurðum, sem um getur í 5. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, með innihaldsefni úr landbúnaði, framleitt á aðlögunartímanum,
 - afurðum sem innihalda afurðir úr býflugnarækt, framleiddar í Sviss með lífrænt framleiddum innihaldsefnum.
2. „Uppruni: afurðir í flokki 1 a) og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) sem hafa verið framleidd í Sviss eða flutt inn til Sviss:
 - annaðhvort frá Evrópubandalaginu,
 - eða frá þriðja landi innan ramma reglna sem eru viðurkenndar sem jafngildar í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,
 - eða frá þriðja landi ef aðildarríki EB hefur viðurkennt, í samræmi við ákvæði 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, að sama afurð hafi verið framleidd og skoðuð í því landi með sama fyrirkomulagi og viðurkennt er í því aðildarríki.
3. Eftirlitsaðilar: Institut für Marktökologie (IMO), bio.inspecta AG og Schweizerische Vereinigung für Qualitäts- und Management-Systeme (SQS).
4. Aðilar sem gefa út vottorð: sjá 3. lið.
5. Gildistími viðbótar: 31. desember 2002.